



Sameining Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar

Ávarp til íbúa Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar

Laugardaginn 24. mars 2018 verður kosið um sameiningu Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar. Ef í báðum sveitarfélögum reynast fleiri kjósendur fylgjandi sameiningu en andvígir telst hún samþykkt og tekur hún gildi 10. júní 2018 eftir staðfestingu ráðuneytis sveitarstjórnarmála.

Í ársbyrjun 2017 bjuggu í Fjarðabyggð 4.691 íbúar, en í Breiðdalshreppi 182. Að landstærð er Fjarðabyggð 1.163 km², eða tæplega þrefalt stærri en Breiðdalshreppur, sem er 452 km². Samanlagt eru þessi sveitarfélög 1.615 km² og yrðu einungis 20 sveitarfélög á Íslandi stærri að flatarmáli, komi l sameiningar. Nýtt sveitarfélag yrði í 10. sæti yfir fjölmennustu sveitarfélögin á Íslandi.

Samgöngur eru ágætar á milli byggðarlaganna. Í öllum þéttbýliskjörnum í Fjarðabyggð er sjávarútvegur veigamikil atvinnugrein og hið sama gildir um Breiðdalshrepp. Hefð er fyrir öflugum landbúnaði í Breiðdal og sú atvinnugrein vegur þyngra þar en í nokkru byggðarlagi Fjarðabyggðar. Ennfremur er ferðaþjónusta öflug í báðum sveitarfélögunum og í raun er hún ein af þýðingarmestu atvinnugreinum í Breiðdalshreppi. Auk þess eru vonir bundnar við þann kraft og áræðni, sem stofnun nýrra fyrirtækja í byggðarlaginu ber vott um.

Í byggðalögum Fjarðabyggðar er að finna skólastofnanir, heilsugæslu, ýmsa menningar- og félagsstarfsemi, hafna- og þjónustustarfsemi og margt fleira, sem gerir sveitarfélagið aðlaðandi til búsetu. Allt þetta á einnig við um Breiðdalshrepp.

Samstarfsnefnd á vegum sveitarfélaganna hefur undanfarið undirbúið tillögu að sameiningu, safnað upplýsingum og byggt upp áætlanir sem fela í sér hvað gerast muni, verði sameining samþykkt. Nefndin er sammála um að það feli í sér augljósa kosti fyrir svæðið í heild, ef af sameiningu verður. Eins og fram kemur í kynningarefni er ljóst að umtalsverðir opinberir fjármunir myndu fylgja í kjölfarið, bæði til niðurgreiðslu skulda beggja sveitarfélaganna og til uppbyggingar innviða í Breiðdalshreppi. Það er því skýrt álit nefndarinnar, að sameiningu muni fylgja öflugt sveitarfélag, sem verði vel í stakk búið að veita góða þjónustu til lengri tíma litið, öllum búum þess til góða. Í samstarfsnefndinni sátu eftirtalin:

Frá Breiðdalshreppi

Hákon Hansson,
Svandís Ingólfssdóttir,
Gunnlaugur Stefánsson,
Sif Hauksdóttir.

Frá Fjarðabyggð

Jón Björn Hákonarson,
Eydís Ásbjörnsdóttir,
Jens Garðar Helgason,
Páll Björgvin Guðmundsson / Gunnar Jónsson.



Jöfnunarsjóður, ársreikningar og lykiltölur

Verði af sameiningu munu koma til nýja sveitarfélagsins sérstök framlög vegna hennar, allt að 680 milljónir króna, úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á næstu 5 árum. Stærsti hlutinn er svonefnt skuldajöfnunarframlag. Endanlegir útreikningar vegna þess munu byggja á ársreikningum 2017.

Jafnframt mun Jöfnunarsjóðurinn greiða framlag til þróunar og endurskipulagningar á stjórnsýslu í sameinuðu sveitarfélagi. Umtalsvert fjármagn mun renna til innviðauppbyggingar í Breiðdal og einnig til að bæta nýju sveitarfélagi upp tapaðar jöfnunarsjóðsgreiðslur í 5 ár m/v að áfram hefði verið um tvö sveitarfélög að ræða.


Kostnað við störf samstarfsnefndar og sjálfa kosninguna greiðir Jöfnunarsjóðurinn, burtséð frá því hverjar niðurstöður verða.

Heiti framlags:	Vegna Breiðdalshrepps	Vegna Fjarðabyggðar	Samtals krónur
Skuldajöfnun	24.000.000.-	450.000.000.-	474.000.000.-
Þróun og endurskipulagning			157.000.000.-
Skert tekju- og útgjaldajöfnun			50.000.000.-
		Samtals kr.:	681.000.000.-
Auk þess greiðsla vegna útlagðs kostnaðar, allt að kr.			17.000.000.-

Önnur veigamikil aðkoma opinberra aðila lýtur að því að lækka skuldir á félagslegum íbúðum í Breiðdalshreppi. Það mun gera mönnum kleift að selja meirihluta þeirra og létta þar með af þyngstu rekstrareiningu sveitarfélagsins til margra ára. Verið er að vinna að lausn málsins og verða upplýsingar þar um settar inn á heimasíðuna og kynntar á íbúafundum, þegar mál skýrast.

Ársreikningar sveitarfélaganna fyrir árið 2017 liggja ekki enn fyrir og hér á eftir eru því birtar ýmsar lykiltölur úr ársreikningum þeirra fyrir árið 2016.

Hlutfall af tekjum:			
Sveitarsjóður A- hluti:	Breiðdalshreppur	Fjarðabyggð	Mismunur (B – F)
Skatttekjur	83%	83%	0%
Laun, launatengd gj. og lífeyrissj.	51%	62%	11%
Veltufé frá rekstri	15%	10%	-5%
Fjárfestingahreyfingar	-6%	-11%	-5%
Skuldir, án skuldbindinga	92%	136%	44%
Skuldir og skuldbindingar	97%	180%	83%
Samantekið, A- og B- hluti:	Breiðdalshreppur	Fjarðabyggð	Mismunur (B – F)
Skatttekjur	73%	62%	-11%
Laun, launatengd gj. og lífeyrissj.	50%	51%	1%
Veltufé frá rekstri	18%	19%	1%
Fjárfestingahreyfingar	-5%	-14%	-9%
Skuldir, án skuldbindinga	137%	107%	-30%
Skuldir og skuldbindingar	141%	143%	2%
Sveitarsjóður, A- hluti (Kr. á íbúa)	Breiðdalshreppur	Fjarðabyggð	Mismunur (B – F)
Tekjur	1.064.352	992.099	-72.253
Laun, launatengd gj. og lífeyrissj.	547.363	614.837	67.474
Önnur rekstrargj. og afskriftir	361.808	347.431	-14.377
Fjármagnsliðir	-39.984	-43.722	-3.738
Óreglulegir liðir	0	0	0
Rekstrarniðurstaða 2016	115.198	-13.891	-129.089
Samant., A- og B- hl. (Kr. á íbúa)	Breiðdalshreppur	Fjarðabyggð	Mismunur (B – F)
Tekjur	1.197.940	1.323.702	125.762
Laun, launatengd gj. og lífeyrissj.	604.654	668.858	64.204
Önnur rekstrargj. og afskriftir	404.286	520.394	116.108
Fjármagnsliðir	-65.907	-57.682	8.225
Óreglulegir liðir	0	3.858	3.858
Rekstrarniðurstaða 2016	123.093	80.627	-42.466
Sveitarsjóður, A- hluti (Kr. á íbúa)	Breiðdalshreppur	Fjarðabyggð	Mismunur (B – F)
Veltufé frá rekstri	164.560	103.063	-61.497
Fjárfestingahreyfingar	-62.242	-106.004	-43.762
Eignir	1.071.692	1.849.656	777.964
Skuldir, án skuldbindinga	978.132	1.348.750	370.618
Skuldir og skuldbindingar	1.031.000	1.790.217	759.217
Samantekið, A- og B- hl. (Kr. á íb.)	Breiðdalshreppur	Fjarðabyggð	Mismunur (B – F)
Veltufé frá rekstri	212.637	250.017	37.380
Fjárfestingahreyfingar	-64.335	-191.078	-126.743
Eignir	1.652.121	2.690.544	1.038.423
Skuldir, án skuldbindinga	1.636.445	1.422.509	-213.936
Skuldir og skuldbindingar	1.689.313	1.896.553	207.240



Málefнасamkomulag

Málefнасamkomulag samstarfsnefndar Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar var samþykkt á fundi hennar 8. jan. 2018. Það er birt orðrétt hér á eftir:

„Fulltrúar Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar í samstarfsnefnd vegna kosninga um sameiningu þessara sveitarfélaga gera með sér neðangreint samkomulag um fyrirkomulag einstakra rekstrarþátta í sveitarfélögunum. Með orðalaginu „fyrirkomulag“ er átt við, hvernig menn eru sammála um að hlutum verði fyrir komið í byrjun. Jafnframt leggja þeir áherslu á, að komandi sveitarstjórn um í sameinuðu sveitarfélagi beri að leita leiða til að virða samkomulagið til frambúðar, þó að teknu tilliti til ákvæða sveitarstjórnarlaga um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

Samkomulagið byggir á því að sameiningartillaga verði samþykkt.

Aðilar taka fram í byrjun að í viðræðum við ríkisvaldið munu þeir prýsta á um það að nægilegt fjármagn fái til styrkingar innviða í Breiðdalshreppi, sbr. reglur Jöfnunarsjóðs þar um, enda er lausn þess máls forsenda þess að hægt verði að hvetja íbúa sveitarfélaganna til að gjalda jáyrði við sameiningartillögunni.

1. Almennt:

Áhrif sameiningar sveitarfélaganna.

Hið sameinaða sveitarfélag tekur yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum sveitarfélögum og íbúar beggja sveitarfélaga verða þegnar hins sameinaða sveitarfélags. Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra sveitarfélögunum falla til hins sameinaða sveitarfélags. Skjöl og bókhaldsgögn beggja sveitarfélaga verða afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Núgildandi samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar verður lögð til grundvallar fyrir hið sameinaða sveitarfélag, ásamt skipuriti og stjórnunarfyrirkomulagi þar til það hefur sett sér nýja samþykkt.

Hið sama gildir um aðrar reglur og samþykktir Fjarðarbyggðar eftir því sem við á.

Hið sameinaða sveitarfélag mun bera heitið Fjarðabyggð og verður heimilisfang þess að Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð.

Kosið verður til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags laugardaginn 26. maí 2018, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998,

í sveitarstjórnarkosningum 2018 verða 9 fulltrúar í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Að öðru leyti munu gilda um samrunann ákvæði 12. kafla sveitarstjórnarlaga

Stjórn málaflokka: Ákvarðanir hvorrar sveitarstjórnar fyrir sig um reglugerðir, gjaldskrár o.fl. sem samþykktar voru við afgreiðslu fjárhagsáætlana sveitarfélaganna fyrir árið 2018 gilda á meðan ný sveitarstjórn undirbýr nýjar reglugerðir, samþykktir (aðrar en samþykkt um stjórn og fundarsköp) og gjaldskrár, þó aldrei meira en í 3 mánuði frá gildistöku sameiningar. Ef ákvæði um skatta verður ekki breytt innan ársins vegna ákvæða annarra laga er heimilt að hafa mismunandi reglur innan hins nýja sveitarfélags þann tíma sem af ákvæðum annarra laga hlýtur, en þó að hámarki til áramóta 2018.



2. Málaflokkar sem nú þegar falla undir samstarfsverkefni eða verktöku hjá Fjarðabyggð:

Í öllum samstarfsverkefnum t.d. á fjórðungsgrundvelli, þar sem bæði sveitarfélög eiga aðild í dag, mun aðildin flytjast yfir á nafn Fjarðabyggðar.

Í málaflokkum, þar sem í dag er til staðar samstarf milli sveitarfélaganna m.a. á sviði **félagsmála** og vegna **brunavarna** verður þjónusta felld undir starfsemi hlutaðeigandi málaflokka Fjarðabyggðar.

3. Málaflokkar, sem ekki heyra undir verktöku eða samstarfsverkefni:

Nefndin er sammála um að eftirtaldir rekstrarþættir í Breiðdalshreppi verði sem hér greinir. (Í upptalningunni er miðað við röðun málaflokka og sjóða eftir bókhaldskerfi sveitarfélaga, sbr. vinnublað sem legið hefur fyrir á fundum SSN):

- a) Félagsmál: **Dagvist aldraðra** verður rekin áfram á Breiðdalsvík í sama formi.
- b) Heilbrigðismál: Eignarhlutur Breiðdalshrepps í 2 eignum á Djúpavogi, sem heyra undir málaflokkinn færast yfir á Fjarðabyggð. Engar aðrar breytingar.
- c) Fræðslu- og uppeldismál:
Leikskóli verður áfram á Breiðdalsvík.
Tónlistarskóli. Boðið verður áfram upp á tónlistarnám á Breiðdalsvík.
Grunnskóli: Gert er ráð fyrir því að sameina stjórnun grunn- og leikskóla á Stöðvarfirði og Breiðdalsvík undir einn skólastjóra.

Leikskólastarf á Breiðdalsvík verður flutt í grunnskólahúsnæðið á Breiðdalsvík.


Gert er ráð fyrir kennslu í grunnskólunum á Breiðdalsvík og Stöðvarfirði. Nánari útfærsla á samkenndu verði rædd og útfærð í samráði við foreldra, forráðamenn og fagaðila með það að markmiði að efla faglega og félagslega stöðu nemenda.
- d) Menningarmál: **Bókasafn** verður áfram á Breiðdalsvík og mun fljótlega verða hluti af þjónustugátt Fjarðabyggðar.

Menningarstyrkir verða hluti af núverandi kerfi Fjarðabyggðar.
- e) Æskulýðs- og íþróttamál: **Sundlaug** og **íþróttahús** verða rekin áfram á Breiðdalsvík með svipuðu sniði og verið hefur. Hið sama gildir um félagsmiðstöð barna og ungmenna
- f) Brunamál- almannavarnir: **Slökkvistöð** verður áfram á Breiðdalsvík og þar til staðar mannað slökkvilið, sem yrði hluti af slökkviliði Fjarðabyggðar og félli undir stjórn þess.

- g) Hreinlætismál: Í dag er sorp úr Breiðdalshreppi urðað á svonefndum Heydalamelum. Núgildandi starfsleyfi rennur út 1. júlí 2018. Aðilar samkomulagsins eru sammála um að leita hagkvæmustu leiða til að leysa þessi mál áfram í byggðarlaginu. Þjónustan verði samræmd því sem er annars staðar í Fjarðabyggð.

Kannað verður hjá Umhverfisstofnun, hvort hægt sé að fá undanþágu til að starfrækja sorpurðun á Heydalamelum í a.m.k. 1 ár í viðbót í óbreyttu formi. **Gámavöllur** (Bórðarhvamur) verður áfram til staðar með föstum opnunartímum.

- h) Skiplags- og byggingarmál. Fjarðabyggð rekur sérstakt svið til að sinna þessum málaflokki. Við sameiningu falla Skipulags- og byggingarmál Breiðdalshrepps undir skipulags- og byggingafulltrúa Fjarðabyggðar.
- i) Umferðar- og samgöngumál. Ekki eru sjáanlegar neinar breytingar í þessum málaflokki hvað varðar þjónustu í byggðarlögunum.





- j) Atvinnumál. Þátttaka Breiðdalshrepps í verkefninu Brothættar byggðir mun halda áfram eins lengi og samningur kveður á um.

Aðilar gera sér grein fyrir **sérstöðu Breiðdals sem landbúnaðarhéraðs**. Landbúnaðarmálum mun verða sinnt á sambærilegan hátt í öllum byggðarlögunum.

Hvað varðar **refa- og minkaveiðar** mun þeim málaflokki verða sinnt á sambærilegan hátt í öllum byggðarlögunum.

- k) Skrifstofuhald: **Skrifstofa á Breiðdalsvík** verður til staðar til ársloka 2018. Bókhalld, launa- og skjalaumsýsla verður hluti af sameiginlegri stjórnsýslu við sameiningu.

- l) **Áhaldahús** verður starfrækt áfram á Breiðdalsvík og mun falla undir sameiginlega þjónustu- og framkvæmdamiðstöð Fjarðabyggðar frá sameiningardegi. Áfram verður starfræktur vinnuskóli á Breiðdalsvík.

- m) Starfsemi **Eignasjóðs** mun heyra undir Fjarðabyggð.

- n) **Höfn** verður áfram starfrækt á Breiðdalsvík, en aukið samstarf milli hafnar og áhaldahúss. Dagleg starfsemi verður samþætt í þjónustu- og framkvæmdamiðstöð Fjarðabyggðar frá sameiningardegi

- o) Unnið hefur verið að því að selja **Félagslegar íbúðir á Breiðdalsvík**. Áfram verður unnið að úrlausn þess máls í samkomulagi við ríkisvaldið um aðgerðir tengdar sameiningarferlinu.

- p) **Veitustarfsemi** Breiðdalshrepps (Vatns- og Fráveita) mun falla undir veitusvið Fjarðabyggðar.

Samhliða ofangreindu fyrirkomulagi verður unnið með þátttöku íbúa í ákvarðanatöku í sínu byggðarlagi. Áhugavert er að útfæra hugmynd um að ráðstafa ákveðinni fjárhæð árlega til samfélagslegra verkefna í hverju byggðarlagi fyrir sig.

Auk þess, sem hér að framan er upp talið, er samstarfsnefndin sammála um að setja fram í kynningarefni fyrir íbúana skýra framtíðarsýn um fyrirkomulag ýmissa mála, sem tryggja myndu að nýtt sameinað sveitarfélag yrði í fremstu röð sveitarfélaga á Íslandi til lengri tíma litið.

Má þar nefna eftirtalin atriði:

1. Rafræn stjórnsýsla. Samið verður við ríkisvaldið um að þróa þessa hugmynd í samvinnu sem tilraunaverkefni.
2. Samgöngumál, sbr. almenningssamgöngur.
3. Efling sóknarfæra í atvinnumálum.

Varðandi liði 2 og 3 er stefnt að því að efla félagslega þátttöku íbúanna og sameiginlegan vinnumarkað. Í því sambandi yrði Fjarðabyggð tilraunasveitarfélag þar sem veitt yrði fjármagni til verkefna til allt að 5 ára, þá yrðu almenningssamgöngur skipulagðar með það að markmiði að bæta aðgengi að sameiginlegum vinnumarkaði sem og félagsstarfi þ.m.t. íþróttamiðstöðu.

4. Efling sóknarfæra í ferða- og menningarmálum. Unnið verður með sérstöðu svæða.

Sérstaða Breiðdals:

Breiðdalur er þekktur fyrir náttúrufegurð. Þar eru frumatvinnugreinar enn þá stundaðar, bæði öflugur landbúnaður og hafnsækin starfsemi vegna nálægðar við gjöful fiskimið.

Rík áhersla er lögð á þátt menningar, vísinda og ferðaþjónustu. Má í því sambandi nefna jarðfræði svæðisins, en þar eru menning og vísindi nýir vaxtarbroddar. Hið sama gildir um þátt sögu, málvísinda og menningartengdar ferðaþjónustu.

Sérstaða Fjarðabyggðar:

Fjarðabyggð er fjölkjarna samfélag með fjölbreytta atvinnustarfsemi þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi. Sérstaða hvers byggðakjarna hefur fengið að njóta sín.

Samfélagið byggir á fjölbreyttri menningu, öfluggu æskulýðsstarfi, einstakri náttúru og góðu mannlífi.

Atvinnu sækja íbúar þvert um allt sveitarfélagið með fjölgun atvinnutækifæra og bættum samgöngum.

Umhverfismál eru í forgangi og áhersla lögð á aðlaðandi umhverfi og bætt útivistarsvæði.

Ofangreind sérkenni ber að vinna með áfram og efla jafnframt ný sóknarfæri".

Sameining – og hvað svo?

- Sterkari stjórnsýslueining til að gæta hagsmuna íbúanna.
- Betri forsendur til að veita faglega og sérhæfða þjónustu.
- Fjárhagslega sterkara sveitarfélag til að takast á við sveiflur í efnahagslífi án þess að þurfa að skerða þjónustu við íbúa.
- Einföldun á stjórnkerfi og þar með betri þjónusta
- Betri nýting fjármuna sveitarfélagsins.
- Samræming og breytingar á gjaldskrá.

Kynningarfundir

Kynningarfundir vegna sameiningarkosninga verða haldnir í öllum þéttbýliskjörnum byggðarlaganna tveggja. Verða þeir auglýstir á heimasíðum sveitarfélaganna og í Dagskránni, þegar nær dregur.

Kjörseðilinn

Til að sameining nái fram að ganga þarf að verða meirihluti atkvæða með tillögunni í hvoru sveitarfélagi fyrir sig. Spurningin á atkvæðaseðlinum verður einföld:

Ert þú samþykkt / samþykkur sameiningu Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar ?

Já ☐

Nei ☐


Skorað er á íbúana að koma á fund í sinni heimabyggð og kynna sér sameiningarmálin.

Fyrir hönd samstarfsnefndar Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar:

Jón Björn Hákonarson

Hákon Hansson





ÞÚ ERT Á GÓÐUM STAÐ

Kjörorð Fjarðabyggðar er **þú ert á góðum stað** og er það notað í kynningarefni og sem leiðarljós í stefnumótun sveitarfélagsins. Árið 2008 var leitað eftir tillögum um kjörorð fyrir alla firðina og varð niðurstaðan þessi fyrir hið nýja sveitarfélag.

Einnig voru lýsandi kjörorð fundin fyrir firðina í Fjarðabyggð. Hver fjörður á sér því eftirtalin kjörorð, en þau eru sem hér greinir:

Mjóifjörður
Norðfjörður
Eskifjörður
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

Falinn fjársjóður
þar sem lognið hlær svo dátt
Sjór og saga
þar sem hjartað slær
C'est la Vie (það er lífið)
Steinaríkið Stöðvarfjörður

Fjarðabyggð:

Fjarðabyggð eldri varð til við sameiningu Eskifjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps þann 7. júní 1998. Fjarðabyggð var stærsta sveitarfélag á Austurlandi og voru íbúar þess um 3.900 talsins, um áramótin 2005-2006. Ný Fjarðabyggð varð svo til við sameiningu Fjarðabyggðar eldri, Austurbyggðar, Fáskrúðsfjarðarhrepps og Mjóafjarðarhrepps hinn 9. júní 2006. Fjarðabyggð er fjölmennasta sveitarfélag á Austurlandi og voru íbúar þess 5.522 talsins við sameininguna.

Breiðdalshreppur:

Breiðdalur og Stöðvarfjörður voru eitt sveitarfélag með nafni hins fyrr talda til 21. desember 1905, en þá urðu til tvo hreppsfélög með nöfnum byggðanna. Ástæðan fyrir sameiningu þessara byggðarlaga fyrr á öldum er ekki sú, að landfræðilega hafi slíkt verið talið heppilegt, enda samgöngur fremur erfiðar milli byggðarlaganna. Álykta má því, að hvorugt byggðarlagið hafi uppfyllt ákvæði Grágásar um fjölda búenda, þ.e.: „er það löghreppur, er 20 búendur eru í eða fleiri“ og því verið steypt saman í eitt hreppsfélag, sem bæri nafn þess stærra og fjölmennara."

Kjörorð Breiðdals: Breiðdalur - brosir við þér